Bæjarstjórn Hafnarfjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingartillögu fyrir Snókalönd felst að skilgreint er nýtt afþreyingar og ferðamannasvæði AF5 við Snókalönd sem eru staðsett við Bláfjallaveg í upplandi Hafnarfjarðar, vegna áforma um frekari uppbyggingu í tengslum við norðurljósa- og stjörnuskoðun.

Í breytingartillögu fyrir Sléttuhlíð felst að heimilt verði að leyfa gistiaðstöðu í flokki II í frístundabyggðinni í Sléttuhlíð, skv. H-lið. 4. gr. reglugerðar 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Um er að ræða útleigu á frístundahúsum.

Breytingartillögurnar ásamt greinagerðum verða til sýnis að Norðurrellu 2 og í þjónustuveri að Strandgötu 6 frá og með 12. október - 23. nóvember 2021.

Tillagan er til sýnis á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, hafnarfjordur.is og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 9.

Opið hús verður þriðjudaginn 13. október nk. frá 9-16.30 að Norðurrellu 2, Hafnarfirði, þar sem hægt verður að kynna sér tillögurnar nánar og fá svör við spurningum sem tengjast þessari skipulagsgerð.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 23. nóvember nk. Skila skal athugasemdum á netfangið: skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega á: Hafnarfjörður, Umhverfis- og skipulagssvið, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði.

**Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.
Skipulagsfulltrúi.**

(2021020412

Útgáfud.: 13. október 2021

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

Tillaga um deiliskipulag nýs íbúðahverfis vestan Þorlákshafnar.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á 291. fundi sínum þann 27. maí 2021 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag samkvæmt 31. grein og 1. málsgrein 41. skipulagslaga nr. 123/2010. Gert er ráð fyrir íbúðasvæði með fjölbreyttu búsetuformi í einbýli, fjölbýli, par- og raðhúsum. Hverfið er vestan byggðar í Þorlákshöfn en sunnan við framlengingu Selvogsbrautar til vesturs. Auk íbúðasvæðis, er markaður reitur fyrir samfélagsþjónustu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, frá 13. október til 24. nóvember 2021.

Þeir sem vilja gera athugasemdir er bent á að senda tölvupóst á skipulag@olfus.is eða með bréfpósti á skipulagsfulltrúa Ölfuss, Sveitarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn fyrir lok vinnudags þann 24. nóvember 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi Ölfuss.

(2021020422

Útgáfud.: 14. október 2021

Auglýsing um skipulag - Snæfellsbær

Tillaga að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Rífi, Snæfellsbæ.
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti 5. október 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði í Rífi, Snæfellsbæ skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan felur í sér að deiliskipuleggja 19.400 m² svæði Snæfellsbæjar/Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar og þrjár 3.000 m² iðnaðarlóðir á svæði I-2 í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 í Rífi. Tillagan liggur frammi á Ráðhúsi Snæfellsbæjar, Klettsbúð 4, 360 Hellissandi frá 14. október - 25. nóvember 2021 og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast tæknideild Snæfellsbæjar í síðasta lagi 25. nóvember 2021 annað hvort á Klettsbúð 4, 360 Hellissandi eða á byggingarfulltrúi@snb.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

(2021020737

Útgáfud.: 14. október 2021

Auglýsing um skipulag - Snæfellsbær

Tillaga að deiliskipulagi Gamla kaupstaðar, Snæfellsbæ
Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti 5. október 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Gamla Kaupstað, Snæfellsbæ skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en forkynning/lýsing hefur þegar verið kynnt.

Skipulagssvæðið markast af Búðarósi að norðan og vestan og af sjó að sunnan. Deiliskipulagstillagan felur í sér að deiliskipuleggja 15,5 ha skika sem tekinn hefur verið út úr jörðinn Ósakoti á sunnanverðu Snæfellsnesi, Snæfellsbæ. Skikinn heitir Gamli kaupstaður.

Tillagan liggur frammi á Ráðhúsi Snæfellsbæjar, Klettsbúð 4, 360 Hellissandi frá 14. október - 25. nóvember 2021 og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast tæknideild Snæfellsbæjar í síðasta lagi 25. nóvember 2021 annað hvort á Klettsbúð 4, 360 Hellissandi eða á byggingarfulltrúi@snb.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

(2021020744

Útgáfud.: 7. október 2021

Stefna - til ógildingar veðskuldabréfum

Ingibjörg Þorsteinsdóttir,

dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,

gjörir kunnugt: Mér hafa tjáð Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Ráðhúsi Reykjavíkur, að hann þurfi f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tveimur veðskuldabréfum með veði í fasteign.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þá dómkröfu í máli þessu, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf nr. 411-Æ-4-92/1943 að höfuðstóli kr. 15.000 útgefið í Reykjavík þann 7. maí 1943 af Yngva Hraunfjörð Péturssyni til heimilis að Sogamýrarbletti 17, Reykjavík til handa stefnanda. Veðskuldabréfið er tryggt með veði í fasteign Heimahvammí (skráð í fasteignaskrá sem Vatnsvv. Heimahvammur), fasteignanúmer 204-4140 á 1. veðrétti. Veðskuldabréfinu hefur verið þinglýst á eignina og var móttakið til þinglýsingar 21. maí 1943.

Stefnandi kveðst einnig gera þá dómkröfu í máli þessu, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf nr. 411-Æ-7-95/1954 að höfuðstóli kr. 12.114,- útgefið í Reykjavík þann 29. janúar 1954 af Yngva Hraunfjörð til heimilis að Heimahvammí í Blesugróf, Reykjavík til handa stefnanda. Veðskuldabréfið er tryggt með veði í fasteign Heimahvammí (skráð í fasteignaskrá sem Vatnsvv. Heimahvammur), fasteignanúmer 204-4140 á 1. veðrétti. Veðskuldabréfinu hefur verið þinglýst á eignina og var móttakið til þinglýsingar 11. febrúar 1954.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi, sem áður var einnig vísað til sem bæjarsjóðs Reykjavíkur, er handhafi tveggja veðskuldabréfa. Annars vegar veðskuldabréfs nr. 411-Æ-4-92/1943 að höfuðstóli kr. 15.000 sem var móttakið til þinglýsingar 21. maí 1943 en innfært til þinglýsingar þann 27. maí 1943 og hins vegar veðskuldabréfs nr. 411-Æ-7-

95/1954 að höfuðstóli kr. 12.114 sem var móttakið til þinglýsingar 11. febrúar 1954. Báðum veðskuldabréfum var þinglýst á fasteignina Heimahvamm (skráð í fasteignaskrá sem Vatnsvv. Heimahvammur), fasteignanúmer 204-4140 með 1. veðrétti en á veðbandayfirliti er fyrrgreint veðskuldabréf skráð á 1. veðrétt en síðarnefnt veðskuldabréf skráð á 2. veðrétt. Af hálfu stefnanda er ekki talið að ógreidd skuld hvíli að baki veðskuldabréfunum.

Stefnandi kveður frumrit veðskuldabréfanna hafa glatast og þau hafa ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan af hálfu stefnanda og útgefanda. Stefnanda kveðst ekki vera kunnugt um afdrif frumrita veðskuldabréfanna.

Svo að unnt sé að aflýsa veðskuldabréfunum af framangreindri fasteign, sem er nú komin í eigu dóttur útgefanda veðskuldabréfanna Ástu Hraunfjörð Yngvadóttur, kveður stefnandi það nauðsynlegt að fá veðskuldabréfin ógilt með dómi.

Lagarök: Varðandi lagarök kveðst stefnandi vísa til 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 120. gr. sömu laga. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu samkvæmt 3. mgr. 121. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi ætla leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

Nr. 1 Frumrit ógildingarstefnu.

Nr. 2 Skjalaskrá.

Nr. 3 Eintak Lögbirtingablaðs þess sem stefna þessi birtist í.

Nr. 4 Ljósrit veðskuldabréfs nr. 411-Æ-4-92/1943.

Nr. 5 Ljósrit veðskuldabréfs nr. 411-Æ-7-95/1954.

Nr. 6 Veðbandayfirlit.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, sem kann að hafa framangreind tryggingabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík í dómsal 102, þriðjudaginn 9. nóvember 2021, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til tryggingabréfsins/bréfanna. Ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu tryggingabréfanna verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðist einn mánuður.

Reykjavík, 27. september 2021.

F. h. dómstjóra,

Arna Sigurjónsdóttir aðstoðarmaður dómara.

(2021020198)

Útgáfud.: 8. október 2021

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,

Kristinn Halldórsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Hannes J. Hafstein, lögmaður, Katrínartúni 4, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Byko ehf., kt. 460169-3219, Skemmuvegi 2a,

Kópavogi, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 328.689 útgefið þann 17. nóvember 2009 af Guðmundi Óskari Emilssyni, kt. 050846-4589, Brekkubraut 11, Reykjanessbæ, til Byko ehf. Til tryggingar skuld þessari var sett að veði með 4. veðrétti fasteignin Brekkubraut 11, Reykjanessbæ, fastanr. 208-7240. Veðskuldabréfið er númer A-004015/2009 í þinglýsingarbók.

Málsástæður: Stefnandi kveður umrætt bréf hafa verið gefið út í tengslum við fjármögnun. Veðskuldabréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 328.689 sem skyldu greiðast með 36 jöfnum mánaðarlegum afborgunum í fyrsta sinn þann 1. janúar 2010. Til tryggingar skuld þessari var sett að veði með 4. veðrétti fasteignin Brekkubraut 11, Reykjanessbæ, fastanr. 208-7240. Skuld samkvæmt veðskuldabréfinu er að fullu greidd.

Frumrit veðskuldabréfsins er glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Stefnandi hefur ekki getað aflétt veðböndum af hinu veðsetta eins og honum ber skylda til. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá ógildingardóm fyrir bréfinu til þess að hann geti aflétt veðböndunum eins og skuldari bréfsins á kröfu til.

Lagarök: Stefnandi höfðar málið með heimild í 120. og 121. gr. laga nr. 91 frá árinu 1991 um meðferð einkamála og 3. mgr. 91. gr. sömu laga. Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness skv. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram:

Stefnu þessa.

Útrentun auglýsingar stefnu þessarar í Lögbirtingablaði.

Afrit veðskuldabréfs nr. A-004015/2009.

Veðbandayfirlit fasteignarinnar Brekkubraut 11, Reykjanessbæ.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem haldið verður að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 10. nóvember 2021, kl. 9.00, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til viðkomandi veðskuldabréfs. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina. Stefnufrestur ákveðist einn mánuður.

Hafnarfirði, 21. september 2021.

Kristinn Halldórsson dómstjóri.

(2021020236)

Útgáfud.: 8. október 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Sigríður Sturludóttir, kt. 191165-4709, með óþekkt heimili.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 3.908.708 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt l. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 236.012 frá 1. september 2020 til 1. mars 2021, en af kr. 381.035 frá þeim degi til 7. ágúst 2021, en af kr. 3.908.708 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-63098.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík. Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. R-034661 þann 19. febrúar 2002 upphaflega að fjárhæð kr. 3.317.838. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysliverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 232,0 stig sem sem er vísitala neysliverðs í maí 2004. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 15. maí 2004 en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefnda færð á skuldabréf nr. R-034661, sbr. 5. gr. þágildandi reglugerðar nr. 602/1997 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 1. september 2020 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll samkvæmt skuldabréfi nr. R-034661 felld í gjalddaga þann 7. júlí 2021.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð kr.
1.9.2020	236.012
1.3.2021	145.023
7.7.2021	3.527.673

Eða alls kr. 3.908.708 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. R-034661, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir

kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 602/1997 og nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirmit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 16. nóvember 2021 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. september 2021.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2021020241

Útgáfud.: 12. október 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

**Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,
Borgartúni 21, Reykjavík,**

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Heiðar Lár Halldórsson, kt. 040178-3099, Ótílgreint, Kópavogi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.139.506 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 140.133 frá 1. mars 2020 til 1. september 2020, af kr. 306.570 frá 1. september 2020 til 1. mars 2021, af kr. 451.593 frá 1. mars 2021 til 3. september 2021, af kr. 2.139.506 frá 3. september 2021 til greiðsludags. Allt að frádreginni innborgun dags. 7. apríl 2020 kr. 24.064 dags. 29. apríl 2020 kr. 23.996 dags. 8. júní 2020 kr. 24.036, sem

dragast skal frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Kröfunúmer: 1016-207136.
Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmáður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfsstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er tilkomin vegna námsláns stefnda, sem hann fékk greitt út hjá stefnanda á árinu 2006. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna er giltu þegar lánið var tekið gaf stefndiaf því tilefni út skuldabréf nr. G-066018 þann 08.05.2006 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, sem í því tilviki sem hér um ræðir voru þann 23. maí 2006. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við námslok, í samræmi við ákvæði þágildandi laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæð umrædds láns 953.728 krónum miðað við grunnvísitölu 255,2.

Um endurgreiðslu á láninu fer samkvæmt þágildandi lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Árleg endurgreiðsla lánsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst árgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við vísitölu neysluverðs og hins vegar er tekjutengd árgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af tekjustofnilánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 1. mars 2020 en endurgreiðslur lánsins frestuðust fram að þeim tíma þar sem lántakanda bar fyrst að greiða af eldra láni sbr. 18. gr. laga nr. 21/1992 um innheimturöð námslána en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. mars 2020. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu, og svo sem leiðir af fyrrgreindum lögum nr. 21/1992 og almennum reglum kröfuréttarins, var lánið gjaldfellt þann 3. ágúst 2021 vegna verulegra vanskila stefndaen þá voru gjaldfallnar afborganir samtals að fjárhæð 451.593 krónur, en eftirstöðvar lánsins voru þá 1.687.913 krónur uppreiknað miðað við vísitölu þann dag 502,7 og 1% vexti.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldfallnar afborganir dags. 1. mars 2020 kr. 140.133.

- dags. 1. september 2020 kr. 166.437.

- dags. 1. mars 2021 kr. 145.023.

Samtals kr. 451.593.

Gjaldfallnar eftirst. kr. 1.687.913.

Samtals eftirst. kr. 2.139.506.

Inn á skuldina hafa verið greiddar innborganir samtals að fjárhæð 72.096 krónur og hefur verið tekið tillit til innborgana í dómkröfu. Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. tl. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Lögheimili stefnda samkvæmt Þjóðskrá Íslands er „ótilgreint“ og ekki hefur tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda, þrátt fyrir eftirgrennslan. Á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmans.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem og til útgefna reglugerða og úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna sem í gildi eru á hverjum tíma. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

Stefna.

Skrá.

Frumrit skuldabréfs nr. G-066018.

Yfirlit yfir útborganir lánsins.

Upplýsingar um námslok.

Yfirlit yfir greiðslustöðu láns.

Yfirlit yfir eftirstöðvar láns.

Innheimtuviðvörðun.

Innheimtubréf.

Tilkynning um gjaldfellingu.

Útrentun úr þjóðskrá.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist því stefnda til þess að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 9. desember 2021, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur

gangi í málinu.
Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. september 2021.
F. h. Sigurbjörns Magnússonar lögmanns,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2021020414

Útgáfud.: 14. október 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefndi: Elvar Henning Guðmundsson, kt. 2003703849, með óþekkt heimili í útlöndum.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 2.275.795 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 215.948 frá 1. september 2020 til 1. mars 2021, en af kr. 301.824 frá þeim degi til 12. september 2021, en af kr. 2.275.795 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-62883.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda sem hann tók hjá stefnanda. Þegar stefndi sótti um námslán hjá stefnanda veitti hann Jann Ólafi Guðmundssyni, kt. 2012645969, fullt og ótakmarkað umboð til að annast lántöku hjá stefnanda og til að undirrita skuldabréf fyrir sína hönd til tryggingar námslánum. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu tólf skuldabréfa á árunum 1989-1991 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: nr. T-119625 upphafleg fjárhæð kr. 193.475, nr. T-127806 upphafleg fjárhæð kr. 87.926, nr. T-135679 upphafleg fjárhæð kr. 9.324, nr. T-136085 upphafleg fjárhæð kr. 83.627, nr. T-136564 upphafleg fjárhæð kr. 51.311, nr. T-138519 upphafleg fjárhæð kr. 168.323, nr. T-149547 upphafleg fjárhæð kr. 140.820, nr. T-160060 upphafleg fjárhæð kr. 150.956, nr. T-163489 upphafleg fjárhæð kr. 157.472, nr. T-170987 upphafleg fjárhæð kr. 189.987, nr. T-172898 upphafleg fjárhæð kr. 194.621 og nr. T-190220 upphafleg fjárhæð kr. 107.946.

Þegar stefndi sótti um námslán hjá stefnanda giltu um námslán og umsókn hans lög nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki. Samkvæmt 7. gr. laganna eru lán stefnanda verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á lánsjaravísitölu. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar sem greiðsla fer fram. Námslán skv. lögum nr. 72/1982 eru vaxtalaus. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1982 skilgreinir stjórn

stefnanda hvað telja beri námslok skv. lögnum. Eftir námslok voru öll T-skuldabréfin reiknuð til sameiginlegrar vísitölu og innheimt í einu undir sérstöku lánsnúmeri S-941895, en í 2. másl. 3. mgr. 7. gr. laganna er mælt fyrir um að reikna lánin til einnar skuldar. Var fjárhæð hvers T-skuldabréfs uppreiknuð miðað við grunnvísitölu skuldabréfanna til lánsjaravísitölu þess mánaðar sem lánin voru reiknuð til einnar skuldar í janúar 1994, en lánsjaravísitala í janúar 1994 er 3.343 stig. Sú vísitala myndar grunnvísitölu við útreikning á T-skuldabréfunum undir númerinu S-941895. Reiknast svo:

númer láns	lánsfjárhæð	gr. vísitala	uppreikn m.v. vt. jan. 1994
T-119625	193.475	2317	279.148
T-127806	87.926	2475	118.762
T-135679	9.324	2722	11.451
T-136085	83.627	2722	102.706
T-136564	51.311	2771	61.903
T-138519	168.323	2806	200.536
T-149547	140.820	2873	163.857
T-160060	150.956	2934	171.999
T-163489	157.472	2938	179.179
T-170498	189.987	2969	213.919
T-172898	194.621	3003	216.656
T-190220	107.946	3070	117.545
		Samtals	1.837.663

Lánið hefur verið í vanskilum frá 1. september 2020 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 12.08.2021. Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
01.09.2020	215.948
01.03.2021	85.876
12.08.2021	1.973.971

Eða alls kr. 2.275.795 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi veitt Jann Ólafi Guðmundssyni fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita námslánaskuldabréfin fyrir sína hönd. Jafnframt er byggt á því að undirritun umboðsmannsins í umboði stefnda hafi falist skuldbindandi loforð stefnda að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 72/1982 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Umboðsmaður stefnda gaf stefnanda upp heimilisfang hjá stefnda í USA á árinu 2018. Við leit á heimili stefnda í USA kemur fram að hann búi ekki þar og síðasta heimili sem vitað væri um hafi verið í Hafnarfirði. Í þjóðskrá er stefndi hins vegar skráður með heimili í útlöndum. Stefnandi á því ekki aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísad er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, reglugerðar nr. 578/1982, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við 1. mgr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 30. nóvember 2021 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 6. október 2021.
F. h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2021020735)

Útgáfud.: 18. október 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Kristmundur Örlygsson, kt. 070571-5879, óstaðsettur í hús í Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.542.510, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 1.542.510 frá 11. júlí 2021 til greiðsludags. Kröfunúmer 0786-200022.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á kaupleigusamningi nr. 97008 milli stefnda, sem kaupleigutaka, og stefnanda, sem kaupleigusala, dagsettur

þann 27. september 2018, sbr. dskj. nr. 3. Tilgangur samningsins var að fjármagna kaupleigu stefnda á bifreiðinni Ford Fiesta, árg. 2017, sknr. OBG55, en með kaupleigu var átt við að stefndi tæki bifreiðina á leigu, í upphafi, sem miðaði að því að stefndi myndi eignast bifreiðina við lok samningstíma.

Samningsfjárhæð samningsins, sem stefndi skyldi standa stefnanda skil á, var ákveðin kr. 1.539.450 og bar fjárhæðin breytilega vexti sem skyldu reiknast frá útborgunardegi. Samningstími var ákveðinn 84 mánuðir og skyldi stefnda greiða kaupleigugreiðslur á eins mánaðar fresti í fyrst sinn þann 1. nóvember 2018.

Kaupleigusamningurinn samanstóð af sérstökum skilmálum, almennum skilmálum stefnanda um kaupleigusamninga, beiðni stefnda um ráðstöfun andvirðis samningsfjárhæðar, greiðsluáætlun og neytendalánsútreikningi, staðfestingarskjali kaupleigusamnings, sölureikningi, öðrum fylgiskjöllum sem sérstaklega væru árituð sem slík og almennum viðskiptaskilmálum stefnanda.

Í skilmálum samningsins kom fram að ef stefndi stæði ekki við skuldbindingar sínar á samningstímanum hefði stefnandi heimild til að rifta samningnum, færa hið leigða úr vörslu stefnda og krefjast uppgjör samningsins, sbr. 15 til 18. gr. skilmála samningsins. Kaupleigugreiðsla sem var á gjalddaga þann 1. apríl 2020 var ekki greidd af hálfu stefnda og sinni hann ekki greiðsluáskorunum stefnanda. Af þeim sökum lýsti stefnandi yfir riftun samningsins með bréfi dags. 7. ágúst 2020, sem birt var stefnda þann 24. ágúst 2020, sbr. dskj. nr. 4. Í bréfinu var jafnframt óskað eftir að bifreiðin yrði afhent stefnanda tafarlaust en að öðrum kosti yrði óskað eftir atbeina hins opinbera um töku hins leigða úr vörslum stefndu.

Í ljósi þess að stefndi hafði ekki afhent stefnanda umrædda bifreið, sendi stefnandi aðfararbeiðni til héraðsdóms Reykjavíkur nánar tiltekið þann 21. september 2020, sbr. dskj. nr. 5. Dómstóllinn veitti stefnanda heimild til þess að hefja aðför með ákvörðun sinni þann 13. janúar 2021, sbr. dskj. nr. 6. Í kjölfarið óskaði stefnandi eftir því að bifreiðin yrði tekin úr vörslu stefna með beinni aðfarargerð, og auk þess að framkvæmt yrði fjárnám fyrir tilgreindum kostnaði, nánar tiltekið þann 27. janúar 2021, sbr. dskj. 7. Umrædd aðfararbeiðni var afturkölluð þann 31. maí 2021 þar sem stefndi afhenti stefnanda bifreiðina þann 28. maí 2021, sbr. dskj. 8. Uppitökuverð bifreiðarinnar var ákveðið 130.034 kr. og var fjárhæðinni ráðstafað inn á kröfuna þann 28. maí 2021. Í kjölfarið, þann 11. júní 2021, var stefnda tilkynnt um uppitökuverðið en einnig var tekið fram að ef uppitökuverðinu yrði ekki mótmælt skriflega innan tíu daga væri litið svo á að það væri samþykkt af hálfu stefndu, sbr. gr. 18.2 samningsins. Engar athugasemdir bárust stefnanda innan tilskilins frests. Í kjölfarið var framkvæmt uppgjör á kaupleigusamningnum í samræmi við 19 gr. hans.

Stefnandi byggir á því að við vörslusviptingu þann 28. maí 2021 hafi krafa stefnanda numið samtals kr. 1.542.510 sem sundurliðast þannig:

Gjaldfallin kaupleigusamningur kr. 1.291.189.

Samningsvextir til 24. ágúst 2020 kr. 39.092.

Dráttarvextir til 28. maí 2021 kr. 90.204.

Bankakostnaður kr. 9.580.

Kostnaður eiganda kr. 23.660.

Málskostnaður kr. 75.008.

Kostnaður v/greiðsluásk. kr. 4.000.

Kostnaður v/fjárnáms kr. 19.000.

Vörslusviptingarkostnaður kr. 119.040.

Vextir af kostnaði kr. 1.771.

Innborgun kr. -130.034.

Samtals: kr. 1.542.510.

Krafa um bankakostnað er vegna kostnaðar stefnanda við að halda kröfu sinni til haga vegna vanskila stefnda.

fram að löginneheimtu og byggist fjárhæðin á gjaldskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 6. Kostnaður eiganda samanstendur af kr. 7.995 vegna álags vegna bifreiðagjalda, kr. 14.665 vegna bifreiðagjalda og kr. 1.000 vegna lokunar.

Samkvæmt skilmálum kaupleigusamningsins ber stefndu að greiða dráttarvexti af gjaldfelldum kaupleigusamningsgreiðslum til riftunardags og af uppgjörsfjárhæð frá og með riftunardegi til greiðsludags í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. gr. 11.3. samningsins. Krafist er dráttarvaxta af stefnuþjárhæð frá þeirri dagsetningu þegar mánuður er liðinn frá því stefnandi sendi stefnda innheimtubréf/tilkynningu um upptökuverð.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefndu að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatílvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stöð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en í almennum skilmálum kaupleigusamnings er tilgreint að mál út af samningnum megi reka fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi sagður óstaðsettur í hús en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Stefna.

Skrá.

Kaupleigusamningur sérstakir og almennir skilmálar.

Birtingarvottorð með yfirlýsingu um riftunarbréf.

Aðfararbeiðni í Héraðsdóm Reykjavíkur.

Ákvörðun Héraðsdóms.

Aðfararbeiðni til sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu.

Samþykki afhendingar. Innheimtubréf og tilkynning um

upptökuverð. Gjaldskrá stefnanda. Staðan þann 28. maí 2021. Útrentun úr Þjóðskrá. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg í dómsal 102, Reykjavík, þann 25. nóvember 2021, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnumfrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 28. september 2021.

F.h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2021020810

Útgáfud.: 19. október 2021

Stefna - til ógildingar á tryggingarbréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,

Kristinn Halldórsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Lárus Sigurður Lárusson hdl., lögmannsstofunni SÆVAR ÞÓR & PARTNERS, Köllunarklettsvegi 2, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Inga Torfa Sigurðssonar, kt. 140364-4879, Smáraríma 53 í Reykjavík, Guðbjargar Ólínu Guðnadóttur, kt. 180974-5129, Leynisbraut 13b í Grindavík, Önnu Láru Guðnadóttur, kt. 260678-5749, Sjafnarbunni 2 í Reykjavík og Brynjólfs V. Sigurðssonar, kt. 300865-3999, Östergatan 24, 267 75 Sverige, að fengnu leyfi lögum samkvæmt, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á tryggingarbréfi.

I. Dómkröfur: Stefnendur gera þá dómkröfu að tryggingarbréf, útgefið hinn 19. júní 1984 af Guðna Gústafssyni, kt. 060839-4849, til tryggingar greiðslu á víxilskuld upphaflega að fjárhæð 60.000 krónur, óverðtryggt, tryggt með 1. veðrétti í fasteign stefnanda að Víkurbraut 10 í Grindavíkurbæ, fastanúmer 209-2486, til handhafa þess verði ógilt með dómi.

II. Málflutningsumboð: Lárus Sigurður Lárusson hdl., lögmannsstofunni SÆVAR ÞÓR & PARTNERS, Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnenda.

III. Málsatvik og málsástæður: Stefnendur eru niðjar og kjörniðjar Guðna Gústafssonar og erfingjar hans. Guðni lést hinn 27. júlí 2019 og tóku stefnendur fasteignina að Víkurbraut 10 í Grindavík í arf skv. skiptayfirlýsingu á dsk. nr. 3.

Stefnendur kveða málsatvik vera þau helst að faðir þeirra hafi hinn 19. júní 1984 gefið út tryggingarbréf til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuld til handhafa tryggingarbréfsins, að fjárhæð 60.000 krónur, þá tryggt með

3. veðrétti í eigninni að Víkurbraut 10 í Grindavík, en með uppfærslurétti og hvíli nú á 1. veðrétti, sbr. dskj. 4 og 5.

Í máli þessu er krafa stefnenda byggð á hagsmunum þeirra sem veðsala til þess að fá veðréttinum aflétt enda sé krafan að fullu greidd. Frumrit víxilsins, áritað um uppgreiðslu er í vörslum lögmanns stefnenda en frumrit tryggingarbréfsins finnst ekki, sbr. dskj. 6. Stefnendur byggja á því að skilyrðum fyrir ógildingardómi sé fullnægt í máli þessu. Stefnendur hafa lagt fram skjal sem þau kveða ljósrit þessa tryggingarbréfs sem hér um ræði, sbr. dskj. 4.

Stefnendur byggja á því að skuldin að sem tryggingarbréfið var gefið út til tryggingar á, sé að fullu greidd. Um skuld samkvæmt víxli var að ræða, útgefnum 20. september 1984 og er frumrit víxilsins í vörslu lögmanns stefnanda áritaður um uppgreiðslu. Stefnendur byggja einnig á því að faðir þeirra hafi fengið frumrit tryggingarbréfsins í sínar vörslur. Þegar til þess kom að aflýsa átti bréfinu hafi það ekki fundist. Telja stefnendi bréfið glatað eða horfið, enda hafi það ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennsln. Brýnt sé að aflýsa bréfinu svo það rati ekki í rangar hendur auk þess sem komið er kaupþilboð í eignina. Stefnendur kunna ekki frekari skil á mögulegum afdrifum þess og því sé þeim ekki kunnugt um það hverjum þau geti beint kröfum sínum að.

Af ofangreindu er ljóst að stefnendum sé nauðsynlegt að fá tryggingarbréfið ógilt með dómi eftir reglum 1. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, enda taki ekki sérstök ákvæði annarra laga til ógildingar á bréfinu. Þannig verður að ætla að unnt sé að fá umrætt tryggingarbréf ógilt á grundvelli XVIII. kafla laganna.

IV. Lagarök: Stefnendur vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um heimild til útgáfu ógildingarstefnunnar vísast til c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömulaga. Þá vísast einnig til almennra reglna kröfuréttar um lok kröfuréttinda og brottfall veðréttar og reglu kröfuréttar um að krafa sé liðin undir lok vegna greiðslu hennar.

V. Áskorun: Stefnendur skorar á hvern þann, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, sem ósamrýmanlegur er kröfum þeirra, að koma með það fyrir dóm við þingfestingu málsins, ella megi vænta að það verði ógilt með dómi.

VI. Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa leggja stefnendur fram eftirtalin sönnunargögn:

Nr. 1. Réttarstefnu þessa.

Nr. 2. Skrá yfir framlögð skjöl.

Nr. 3. Skiptayfirlýsing, dags. 31. október 2019.

Nr. 4. Afrit tryggingarbréfs, dags. 19. júní 1984.

Nr. 5. Veðbókarvottorð fasteignarinnar að Víkurbraut 10 í Grindavík.

Nr. 6. Vixill, útgefinn 20. september 1984.

Nr. 7. Lögbirtingablað það sem stefna birtist í.

VII. Áskilnaður: Stefnendur áskilur sér rétt til þess að leggja fram skjalleg sönnunargögn og hafa uppi nýjar kröfur, málsástæður, andmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þar á meðal við munnlegan flutning þess, ef til hans kemur.

VIII. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem haldið verður í dómsal nr. 1, í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 24. nóvember 2021 kl. 9.00, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins, þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnenda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, hinn 7. október 2021.

Kristinn Halldórsson dómstjóri.

(2021020891

Útgáfud.: 6. október 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 1. október 2021 í máli L-3833/2021, var Árni Gils Hjaltason, kt. 031092-2059, sviptur fjárræði tímabundið í tvö ár.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 1. október 2021.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari.

(2021020175

Útgáfud.: 13. október 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 11. október 2021 í máli L-4664/2021, var Baldur Örn Magnússon, kt. 121193-2489, sviptur fjárræði tímabundið í sex mánuði.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 12. október 2021.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari.

(2021020423

Útgáfud.: 3. febrúar 2021

Hlutfélagaskrá - firmaskrá - aukatilkynningar

Eftirtalin hlutfélög og einkahlutfélög hafa sent hlutfélagaskrá tilkynningar í september 2020, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

Heiti: Bílaleiga Húsavíkur ehf..

Kennitala: 560276-0799.

Staður: Norðurþing.

Tilkynningaratriði: BE.

2021001748)

Heiti: Boðafell ehf.

Kennitala: 460302-4390.

Staður: Kópavogur.

Tilkynningaratriði: J.

2021001749)

Heiti: Medag ehf.

Kennitala: 421211-1080.

Staður: Reykjavík.

Tilkynningaratriði: J.

2021001750)

Heiti: YNWA ehf..

Kennitala: 550413-0190.

Staður: Kópavogur.

Tilkynningaratriði: B.

2021001751)

A = tilkynning er varðar stjórn

B = tilkynning er varðar hlutafé

C = tilkynning er varðar framkvæmdastjóra

D = tilkynning er varðar prókúruumboð

E = tilkynning er varðar endurskoðun

F = tilkynning er varðar nafn

G = tilkynning er varðar heimilisfang

H = tilkynning er varðar tilgang

J = tilkynning er varðar afskráningu

K = tilkynning er varðar firmaritun

L = tilkynning er varðar viðskiptahömlur hlutabréfa

M = tilkynning er varðar útibú

N = tilkynning er varðar umboð

O = tilkynning er varðar lausnarskyldu

P = tilkynning er varðar útíbússtjóra erlends hlutfélags

R = breyting hlutfélags í einkahlutfélag

S = breyting einkahlutfélags í hlutfélag

T = tilkynning er varðar eigendur

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2021001747

Útgáfud.: 3. febrúar 2021

Hlutfélagaskrá - firmaskrá - aukatilkynningar

Eftirtalin hlutfélög og einkahlutfélög hafa sent hlutfélagaskrá tilkynningar í nóvember 2020, samanber skýringar á táknum hér fyrir neðan:

Heiti: Auðunn og Hafsteinn ehf.

Kennitala: 500398-2569.

Staður: Reykjavík.

Tilkynningaratriði: J.

2021001758)

Heiti: Birgisson ehf..

Kennitala: 670309-1340.

Staður: Reykjavík.

Tilkynningaratriði: B.

2021001757)

Heiti: Bustravel Iceland ehf..

Kennitala: 441115-0400.

Staður: Reykjavík.

Tilkynningaratriði: A.

2021001756)

Heiti: Hvíta ströndin sf..

Kennitala: 561189-1889.

Staður: Kópavogur.

Tilkynningaratriði: J.

2021001755)

Heiti: Kristín Leifsdóttir slf..

Kennitala: 690509-0830.

Staður: Reykjavík.

Tilkynningaratriði: J.

2021001754)

Heiti: MMT ehf..

Kennitala: 551020-2150.

Staður: Reykjavík.

Tilkynningaratriði: ACD.

2021001753)

